

## ☒ Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - gossvæði og sæstrengur: Ósk um umsögn

Búið til	14.1.2022 14:13:34
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.1.2022 14:13:33
Tilheyrir	📁 202112-0008 - Aðalskipulagsbreyting Grindavík - gossvæði og sæstrengur: Ósk um umsögn

### Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting Grindavík - gossvæði og sæstrengur: Ósk um umsögn

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	14.1.2022 14:13:33	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is

### Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0008 (IAS)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá Grindavíkurbæ, dags. 2. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingar: *Aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall og athafnarsvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs.*

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda aðalskipulagsbreytingu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### **Aðgengi og þjónusta við Fagradalsfjall.**

Varhugavert er að fara í miklar mannvirkjaframkvæmdir á gossvæðinu vegna þeirra jarðhræringa sem nú eru í gangi og uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði (VP12) við Kast er alls ekki æskileg.

Um er að ræða lítið raskað svæði í um 2 km fjarlægð frá vegi, við jaðar svæðis á náttúruminjaskrá nr. 104, Sundhnúksröðin og Fagriridalur. Leggja þarf veg sem að mestu mun fylgja eldri slóða yfir nútímahraun (gömul þjóðleið). VP12 er á hættusvæði vegna þeirra jarðhræringa sem nú eru í gangi og gætu verið í gangi næstu áratugi. Hætta er á jarðskjálftum auk þess sem kvika getur brotið sér leið upp til yfirborðs í næsta nágrenni með litlum fyrirvara og hraunrennsli getur ógnað svæðunum og lokað aðkomuleiðum. Það að koma upp þjónustu og gístiaðstöðu fyrir allt að 120 manns á þessum stað er því óábyrgt. Þjónustu við ferðamenn við vegi á svæði VP11 væri nær að leysa með aðstöðu sem hægt er að flytja í burt ef hætta steðjar að svæðinu, t.d. vegna hraunflæðis. Mikil reynsla hefur fengist á undanföllum árum t.d. af færanlegum salernishúsum á vinsælum ferðamannastöðum um land allt. Ef fjölga þarf gístipláss fyrir ferðamenn væri nær að gera það við Hraun, Þórkötlustaðahverfi eða í Grindavík.

#### Athafnasvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs.

Ekki er alls kostar rétt það sem segir á bls 8: „Í Hraunsvík eru engar náttúruminjar eða sérstök vernd náttúruyfyrirbæra en svæðið er hverfisverndað og er á C-hluta náttúruminjaskrár.“

Svæðið er á vissulega á nógildandi náttúruminjaskrá (Svæði nr. 103. Hraunsvík og Festarfjall) en það var einnig á Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Á svæðinu eru líka nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Á þeim er skriðu- og foksandshula sem minnkar verndargildi þeirra eitthvað en á móti kemur að þarna er frumstætt pikrít hraun með miklum fjölda gabbróhnyðlinga. Svæðið hefur lengi verið vinsæll skoðunarstaður innlendra og erlendra jarðvísindamanna og stúdenta. Því þarf að vanda vel til verka ef jarðstrengur verður tekinn í land í Hraunsvík og hlífa svæði með gabbróhnyðlingunum og hrauninum fyrir raski. Hraunin ná vel út í víkina, niður fyrir efstu fjöllumörk, en ekki kemur fram hvernig eigi að verja strenginn í brimasamri fjörunni.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWfpbGZsb3d8eyjWljoimc4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0) (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWfpbGZsb3d8eyjWljoimc4wLjAwMDAiLCJQljoiv2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>

**To:**

**Subject:** Aðalskipulagsbreyting Grindavík - gossvæði og sæstrengur: Ósk um umsögn

**Date:** 2.12.2021 15:58:58

Sæl/sæll,

Óskað er umsagnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

**Aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota við Fagradalsfjall og athafnarsvæði í Hraunsvík vegna landtöku sæstrengs. Breytt aðalskipulag.**

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 28. september 2021 að auglýsa í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032. Í tillögunni eru skilgreindar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í landi Hrauns og Ísólfskála, til að bæta aðgengi að gosstöðvum í Geldingadölum og breytingu á landi Hraunsvíkur fyrir aðkomu sæstrengs og athafnarsvæði fyrir aðstöðuhús og varaafsstöð. Nánar um tillöguna er vísað til kynningargagna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Kynningargögn vegna ofangreindrar tillögu má sjá í viðhengi ásamt því að tillagan eru aðgengilegar á heimasíðu og í afgreiðslu bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2.hæð) frá kl. 8:00 til 15:00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9:30 til 15:00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Umsógn, athugasemdir eða ábendingar skal senda skriflega á netfangið [atligeir@grindavik.is](mailto:atligeir@grindavik.is) (mailto:atligeir@grindavik.is) eða til Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eigi síðar en **14.janúar 2022**.

Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti.

Bið ykkur að staðfesta móttöku.

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



*Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust*

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

[atligeir@grindavik.is](mailto:atligeir@grindavik.is) (mailto:atligeir@grindavik.is)

[www.grindavik.is](http://www.grindavik.is/) (http://www.grindavik.is/)

-----  
Fyrirvari/Disclaimer - [www.grindavik.is/fyrirvari](http://www.grindavik.is/fyrirvari) (http://www.grindavik.is/fyrirvari)

## Viðhengi

image001.png (8 KB)

image002.png (11 KB)

